



## 15. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn í Keflavík 10. mars 2017

**Mætt eru:** Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

**Forföll boðuðu:** Björn Grétar Baldursson (BGB), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ) og Kristinn Óskar Grétuson (KÓG)

**1. Fundur settur** kl.16:00.

### 2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

- a. Unnið að gerð samings við Háskólann í Reykjavík.
- b. Viðræður við ÍSÍ um mögulegt samstarf – vísað undir liðinn önnur mál.
- c. Fundir vegna málefna Evrópu Unga Fólksins.
- d. Landvernd hefur óskað eftir stuðningi frá UMFÍ við nýtt hreinsíatak.
- e. Viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins.
- f. Azazo skjalavistunarkerfi hefur verið tekið í notkun og verið er að setja upp kerfið svo það henti starfsemi UMFÍ.
- g. Fundir með ýmsum nefndum og starfshópum.
- h. Ungmennapartý var ákaflega vel heppnaður viðburður og er nú unnið að skýrslu um verkefnið.
- i. AIP hefur verið í samskiptum við Landsambands Æskulýðsfélaga sem nýverið samþykkti að breyta nafni samtakanna í Landssamband ungmennafélaga. Stjórnin er ósátt við þessa breytingu og er málið í ferli.

**3. Framkvæmdastjórnarfundargerðir nr. 12** – samþykkt.

**4. EUF.** Fundað hefur verið með fulltrúum Mennta- og menningamálaráðuneytis, svara er að vænta undir lok mánaðar.

**5. Felix.** Á fundi stýrihóps um Felix þann 16. febrúar voru lagðar fram spurningar frá stjórn UMFÍ um framvindu vinnu við nýtt Felix kerfi, fundargerð liggur fyrir. Stjórn lýsir yfir áhyggjum af Felix 2.0. Fulltrúum UMFÍ í stýrihóp og framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

**6. NSU – aðalfundur.** Stjórn UMFÍ samþykkir að Jörgen Nilsson gefi kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn NSU f.h. UMFÍ á aðalfundi samtakanna þann 1. apríl nk. í Helsinki. Almennar umræður um starf NSU.

**7. Laugar, niðurstaða vinnuhóps.** Vinnuhópurinn kynnir vinnu sína hingað til en töluverð vinna er enn eftir.

**8. Eldri ungmennafélagar, niðurstaða vinnuhóps.** Vinnuhópurinn lagði fram tillögu að samstarfi FÁÍA og UMFÍ sem kynntar hafa verið fyrir stjórn FÁÍA. Tillögurnar verða teknar til umræðu á aðalfundi félagsins í lok mánaðar.

**9. Mótahald – Unglingalandsmót, Landsmót UMFÍ 50+, Landsmót 2018, skráningarkerfi ofl.**

- a. Starf mótsnefndar í Hveragerði er á góðu róli og verkefni á áætlun.
- b. GG kallar eftir fundargerðum frá mótanefndum.
- c. Umræða um ríkisstyrki.
- d. Landsmót UMFÍ 2018 – hafin er hugmyndavinna fyrir mótið og verið er að koma á fót starfshóp fyrir mótið.
- e. Greiðslumiðlun, eigandi Nóra skráningakerfis vill búa til skráningarkerfi fyrir mót, námskeið og fleira á vegum UMFÍ gegn auglýsingasamning. Framkvæmdastjóra falið að leita frekari upplýsinga og vinna málið áfram.

**10. Fjármál – Skjaldborg (VBS málið)**

- a. Aðalfundur Skjaldborgar, kröfuhafafélagi ehf. verður haldinn þann 20. mars. AÍB og HeJ fara sem fulltrúar UMFÍ á fundinn.

**11. Sambandsþing UMFÍ 2017**

- a. Verður haldið dagana 14.-15. október nk. á Hallormsstað.

**12. Önnur mál**

- a. Minnisblað frá framkvæmdastjóra um mögulegar sviðsmyndir í aukinni samvinnu UMFÍ og ÍSÍ lagt fram.
- b. Fulltrúum frá Keflavík, Njarðvík og Grindavík boðið í kvöldverð og spjall kl.19:30.

**Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 22:00.  
HrJ ritaði fundargerð.**